



Ávarp forseta Íslands

Sagan og gæði mannlífsins eru aðalsmerki Bessastaðahrepps og sveitarfélagið nýtur gersemanna sem felst í fjölbreyttri náttúru og fögrum fjallahring.

Landnámsmenn settust hér að skömmu eftir að Ingólfur Arnarson hóf búsetu í nágrenninu. Snorri Sturluson leitaði hingað þegar honum leiddist vistin í Reykholti og færði í letur frásagnir sem teljast til dýrgripa heimsbókmenntanna.

Amtmenn og fógetar létu héðan boð út ganga sem æðri voru öðrum tilskipunum í landinu. Konungsgarðurinn í Bessastaðahreppi var helsta kennileiti Íslands á kortum sem varðveitt voru í páfagarði og hirðsölum Evrópu.

Ungu skáldin sóttu hér skóla í árdaga sjálfstæðisbaráttunnar, skautuðu á tjörnum, glímdu á túnum, hugsuðu margt um hag lands og þjóðar á nýjum tímum.

Og allar þessar aldir hélt æðarkollan áfram að verpa róleg og virðuleg í fasi, heilsaði hverju vori með unghjörð, lét sér fátt um finnast sögu valds og tignar. Krían hafði helgað sér byggð í hreppnum löngu fyrir landnám og hefur haldið henni síðan.

Esjan, Keilir, Snæfellsjökull og önnur tignarfjöll mynda svo umgjörðina sem hæfir slíku byggðarlagi.

Þegar við fjölskyldan komum til Bessastaða að lokinni embættistöku í Alþingishúsinu beið okkar í hinni gömlu Bessastaðastofu sveit manna úr félögum og stofnunum hreppsins. Við fundum strax hlýhug og samkennd sem einkenna mannlífið í sveitarfélaginu og höfum metið mikils hve vel Bessastaðahreppur tók á móti hinni nýju fjölskyldu – eins og öðrum sem eru svo lánsamir að eignast hreppinn að heimabyggð.

Á afmælisári eru tvinnuð saman nútíð og fortíð og haldið með sóknirfsku til móts við framtíðina.

Ég óska sveitarfélaginu og íbúum öllum heilla á þessum tímamótum.

sign.